

Skólaráðsfundur þann 11 apríl. kl. 15.00 -16.00.

Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Sara fulltrúi nemenda, Malen kennari, Sveindís formaður foreldrafélagsins, Helga Veronika fulltrúi foreldrafélagsins, Hreindís stuðningsfulltrúi og Magnús Gunnarsson frá grenndarsamfélaginu. Sigurborg og Úlfhildur

Skólastjóri bauð alla velkomna til fundar í skólaráði og baðst afsökunar á að hafa gleymt að boða til fundar í síðustu viku eins og búið var að ákveða.

Farið var yfir skóladagatalið fyrir næsta skólaár en búið er að leggja það fyrir kennara og samþykkja í fræðsluráði. Fulltrúar foreldrafélagsins vildu að settar væru inn dagsetningar fyrir Aðalfund foreldrafélagsins og Vorhátíðina.

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2017-2018. Búið er að setja inn helstu dagsetningar s.s. skólasetningu, skólalok og vetrarfrí. Bæði dagatölin verða sett inn á heimasíðu skólans. Rætt var um að umræða hafi skapast í foreldrasamfélaginu að það væru orðnir margir dagar sem foreldrar þurfi að taka af sumarfrí vegna vetrarfría og skipulagsdaga í grunnskólum.

Skólastjóri ræddi skipulag næsta skólaárs. Það liggur fyrir að tveir kennarar láta af störfum og ráða þarf umsjónarkenna á yngsta stigi, einnig þarf að ráða inn sérkennara.

Bæjarráð hefur samþykkt að skipta um gúmmíkurl á sparkvöllum við grunnskóla bæjarins. Umhverfi vallarins við skólann þarf að laga og samþykkt var að senda erindi um að það verði gert í leiðinni. Skólastjóra falið að senda beiðni þess efnis.

Rætt um skýrslu um sérúrræði í grunnskólum. Umræða skapaðist um tillögur sem fram komu í skýrslunni en hana er að finna í heild sinni inn á vef bæjarins/fræðsluráð.

Helga Veronica kom með ábendingu um að fjöldi hvalaveisla væri mjög mismunandi eftir bekkjum, sumir bekkir væru búnir að halda 5-6 veislur meðan aðrir bekkir bara 1-2. Fundarmenn ræddu um að það væri ekki nægilega gott og skólastjóra falið að ræða þetta á næsta SMT fundi.

Helga Veronica spurðist fyrir um vinaliðaverkefnið, hvort það væri ennþá í gangi. Kristinn sagði svo vera og að frammi á gangi í miðdeild hengi skipulag um leiki vikunnar.

Helga Veronica vildi fá að vita hvað lægi á bak við heilsueflandi grunnskóla og hvort Hvaleyrarskóli væri að uppfylla öll þau skilyrði sem þyrfti til að geta talist heilsueflandi skóli. Kristinn benti hvað hefði verið gert síðasta skólaár og að frekari upplýsingar væri að finna á heimasíðu landlæknis.

Fundi slitið.

Samantekt: Kristinn og Malen

